

Skólaráð Ísaksskóla

FUNDARGERÐ

Dagsetning / Tími:	Fimmtudagur, 18. mars 2010, 8:30 – 10:00 2010
Staður:	Kaffistofa, Ísaksskóli

Flestir meðlimir mættu og áttu góðan fund.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Sumarskóli
3. Sunnuhlíð næsta vetur
4. Ýmis mál til upplýsingar
 - Erindi til SSH – Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
 - Erindi til Borgarstjóra
 - Markpóstur til foreldra 5 og 6 ára barna á höfuðborgarsvæðinu
 - Hollvinafélag
 - Staða umsókna og nemendafjöldi næsta haust
 - Tímstundarframboð eftir skóla
5. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

2. Sumarskóli

- Byrjar 7. júní
- Verður í 5 vikur
- Aðeins dýrara en ÍTR en nauðsynleg þjónusta – sérstaklega fyrir 5 ára börnin
- Rætt var um skólalagatalið sem var samþykkt af öllum viðstöddum.

3. Sunnuhlíð næsta vetur

- Einhver óánægja er um starfsemi Sunnuhlíðar.
- Sigríður Anna er að skoða mögulegar breytingar.
 - fá nýtt starfsfólk til að mæta beint í Sunnuhlíð kl. 14:00
 - einnig verið að skoða að hafa einn menntaðan einstakling yfir þessari starfsemi
 - passa uppá að svipaðar reglur gildi í gæslunni, þ.á.m. hvernig er tekið á móti og kvatt í lok dags (handaband og horft í augu viðkomandi).
- Ýmislegt annað rætt varðandi þetta, m.a. að það vanti betri efnivið í stofunum, vantar hlið á skólalóðina og að hugsanlega væru börn almennt of lengi í gæslunni á daginn.

4. Ýmis mál til upplýsingar

1. Erindi til SSH – Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
 - Vandamálið í dag er að börn í skólanum sem búa utan Reykjavíkur eru að fá mun minni styrk frá viðkomandi bæjarfélagi en frá Reykjavík (ca. 40% á meðan Reykjavík borgar 75%).
 - Í kringum 25% af börnum í Ísaksskóla búa utan Reykjavíkur.
 - Mjög mikilvægt að fá meira framlag með þessum börnum.
 - Sigríður Anna og Agnar hittu alla bæjarstjórana og ræddu um að auka þyrfti styrkina og almennt tekið vel í þetta.
 - Þetta mál verður unnið í gegnum SSH og er Hanna Birna úr Reykjavík með pressu á þessu máli innan SSH.

2. Erindi til borgarstjóra
 - Sigríður Anna er að útbúa bréf sem verður sent til borgarstjóra þar sem beðið verður um styrki til skólans út af framkvæmdum í sumar.
 - Verið er að bíða eftir upplýsingum um aðra styrki sem Reykjavíkurborg hefur veitt öðrum einkaskólum og verður það sett í bréfið.
 - Sigríður Anna vonast til að þetta gangi í gegn þar sem Reykjavíkurborg hætti við að innleiða ákveðna lausn á fjárhagsvanda skólans á síðasta ári.
 -

3. Markpóstur
 - Verið erð að vinna að markpóst sem á að senda til 5 og 6 ára barna á höfuðborgarsvæðinu.
 - Það þarf að ákveða hvað nákvæmlega á að koma fram í þessum pósti og hvernig skólinn vill markaðssetja sig.
 - Áætlað að senda þennan póst út eftir páska.

4. Hollvinafélag
 - Stofnað hefur verið hollvinaféla sem vinnur að eflingu skólans.
 - Senda á út bréf til fyrirækja og einstaklinga sem þykja líklegir til að styrkja skólans.
 - Verið er að vinna í þessu bréfi, hvað á að koma fram o.s.frv. og einnig hver skrifar undir (hugsanlega á að finna einhvern þekktan einstakling).
 - Mikilvægt að allir meðlimir skólaráðs hugsi nöfn og komi þeim á framfæri við Sigríði Önnu.

5. Staða umsókna og nemendafjöldi næsta haust.
 - Það gengur vel og eins og er þá eru komnar 75 umsóknir.

5. Önnur mál

- Rætt var um tómsundur.
- Rætt var um markaðsstarf Ísaksskóla, m.a. í tengslum við vefinn.
- Rætt var um viðhald skólans (mottur á skólalóð á leiðinni).